

Nd. **77. Frumvarp til laga** [75. mál]

um breyting á lögum nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Skulu sauðfjárbaðanir næst fara fram á tímabilinu 1. nóvember til 15. marz, veturinn 1971—1972. Eftir það er heimilt að baða annað hvort ár, en á sama tíma vetrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svo sem kunnugt er, skal fara fram böðun á öllu sauðfé á landinu á komandi vetri (1970—1971), samanber lög um sauðfjárbaðanir nr. 23, 1959.

Áður en lög þessi tóku gildi, var skylda að baða allt fé á landinu þrifaböðun einu sinni á ári, samanber lög nr. 19 13. jan. 1938.

Var ákvæðum þeirra laga framfylgt, meðan á fjárskiptum stóð og árin eftir fjárskipti, en þeim lauk að mestu árið 1952 eins og kunnugt er.

Með þessum reglubundnu böðunum tókst fljótlega að eyða kláða og færilús víðast hvar. Þó hefur kláða orðið vart á hverju ári að kalla, síðan fjárskiptum lauk, en aðeins á örfáum stöðum á hverju ári, eða 1—8 býlum.

Færilús og fellilús hefur verið útrýmt í heilum héruðum, og hafa þær í sumum landshlutum ekki sézt síðustu tvo áratugi. Þó munu færilús ekki með öllu horfnar úr landinu.

Svonefnds „fótakláða“ hefur orðið vart á stöku stað, en með ára millibili.

Þegar ljóst varð, að kláða og óþrifum hafði að mestu verið útrýmt, fór að gæta tregðu hjá fjáreigendum um framkvæmd á lögskipuðum, árlegum böðunum sauðfjár. Töldu margir það vera óþarfa fjárútlát og áníðslu á fénu.

Fyrir tilmæli Búnaðarþings og meðmæli margra sýslunefnda, sem til var leitað, var löggjöf um sauðfjárbaðanir breytt, samanber lög um sauðfjárbaðanir nr. 23 frá 27. apríl 1959.

Samkvæmt þessum lögum skal allt fé þrifabaðað á tímabilinu 15. október til 1. marz. Heimilt er þó að baða aðeins annan hvorn vetur, og hefur þeirri reglu verið fylgt síðan lögin tóku gildi, í stað þess að áður var skylda að baða á hverjum vetri.

Margir töldu þessa breytingu varhugarverða, óttuðust að færilús og kláði myndu magnast að nýju, enda þótt ákvæði séu í lögum þess efnis að taka má mál þessi fast-ári tókum, ef fjárkláða eða óþrifa verður vart (sbr. 2. gr.).

Þau 10 ár, sem liðin eru, síðan áður nefnd lög komu til framkvæmda, sýna, að ekki hefur borið á því, að færilús eða kláði hafi færzt í vöxt.

Á síðastliðnum vetri, en þá fór ekki fram allsherjar böðun, kom kláði upp á tveim bæjum á öllu landinu, í A.-Húnavatnssýslu og V.-Skaftafellssýslu, og aðeins örfáar kindur á þessum tveim bæjum sýndu kláðaeinkenni.

Á þessu ári hefur óskufall valdið verulegum búsfjum, kalskemmdir í túnum hafa verið um nær allt land og víða valdið miklum uppskerubresti.

Ef litið er á landið sem heild, er heyforði bændna með minnsta móti, enda þótt nýting heyja hafi verið góð víðast hvar.

Aðstæður eru því nú nokkuð óvenjulegar og bændur ekki of vel undir veturinn búinir.

Mjög almennar óskir hafa komið fram um það að fella niður almennar sauðfjárbaðanir á þessum vetri, en láta í þess stað fara fram almenna skoðun sauðfjár með tilliti til kláða og annarra óþrifa.

Að athuguðu máli hefur þótt rétt að þessu sinni að verða við þessum óskum, og því eru meðfylgjandi breytingartillögur við lög um sauðfjárbaðanir nr. 23/1959 bornar fram.

Þó tillögur þessar feli í sér frestun á allsherjarböðun sauðfjár á komandi vetri, hindra þær á engan hátt, að framkvæmdar verði þær aðgerðir til varnar og útrýmingar kláða eða annarra óþrifa í sauðfé á þeim stöðum, sem nauðsyn ber til, samanber 2. gr. laga um sauðfjárbaðanir nr. 23/1959.

Því ætti lagabreyting sú, sem hér er gert ráð fyrir, ekki að hafa í för með sér aukna hættu á því, að fjárkláði breiðist út í sveitum landsins, en hins vegar er það hagræði og sparnaður fyrir þá bændur, sem eiga lúsa- og kláðalaust fé, að þurfa ekki að baða það.

Breytingar þær, sem hér er gert ráð fyrir, hafa verið bornar undir yfirdýralækni, sem hefur tjáð sig samþykkan þeim.